

Fimmtudaginn 22. maí 1997.

Nr. 364/1996.

**Gunnar Þór Guðmannsson og
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

Haraldi Bjarnasyni

(Ingvar Sveinbjörnsson hrl.)

og gagnsök

Bifreiðar. Umferðarlög. Skaðabætur. Líkamstjón. Örorkumat. Frá-
vísun frá Hæstarétti að hluta. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1996. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir lækkunar bótakröfu og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 25. október 1996. Hann krefst aðallega, að aðaláfrýjendur greiði óskipt 13.334.837 krónur með 3% ársvöxtum frá 4. janúar 1992 til 1. febrúar sama ár, með 2,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. sama mánaðar, með 2% ársvöxtum frá þeim degi til 21. mars sama ár, með 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí sama ár, með 1% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst 1993, með 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. nóvember sama ár, með 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1995, með 0,65% ársvöxtum frá þeim degi til 17. desember 1996 og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að aðaláfrýjendur greiði óskipt 8.794.117 krónur með sömu vöxtum og tilgreindir eru í aðalkröfu. Til þrautavara krefst hann þess, að aðaláfrýjendur greiði 6.154.317 krónur með 3% ársvöxtum frá 4. janúar 1992 til 1. febrúar sama ár, með 2,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. sama mánaðar, með 2% ársvöxtum frá þeim degi til 21. mars sama ár, með 1,25%

ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí sama ár, með 1% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst 1993, með 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. nóvember sama ár, með 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 18. október 1995 og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann staðfestingar málskostnaðarákvæðis héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með leyfi dómsmálaráðuneytis 2. janúar 1997 var honum veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti.

I.

Gagnáfrýjandi var að ýta í gang bifreið aðaláfrýjanda Gunnars Þórs. Þegar bifreiðin hrökk í gang, féll gagnáfrýjandi á vinstra hné með þeim afleiðingum, að hann hlaut alvarlegar brjóskskemmdir í liðnum. Bifreiðin var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að aðaláfrýjendur beri ábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 91. gr. sömu laga. Jafnframt verður fallist á, að 2. mgr. 88. gr. umferðarlaganna taki ekki til slyss gagnáfrýjanda.

II.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Meðal þeirra er nýtt örorkumat Jónasar Hallgrímssonar læknis frá 14. desember 1996 og nýr örorkutjónsútreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, sem byggður er á því mati. Samkvæmt mati Jónasar er varanleg læknisfræðileg örorka gagnáfrýjanda vegna slyssins 30% og fjárhagsleg örorka 50%. Í úrlausnum dómstóla um verðmæti tapaðra framtíðartekna vegna örorku hefur almennt verið litið til læknisfræðilegrar örorku og hún höfð til hliðsjónar við ákvörðun örorkubóta. Gagnáfrýjandi studdi kröfur sínar í héraði við mat á læknisfræðilegri örorku. Fyrir Hæstarétti reisir hann aðalkröfu sína engu að síður á metinni fjárhagslegri örorku. Varakrafa hans er studd læknisfræðilegri örorku samkvæmt hinu nýja mati.

Gagnáfrýjandi lagði fyrir héraðsdóm örorkumat Atla Þórs Ólasonar læknis frá 12. maí 1995, en hann hafði metið varanlega læknisfræðilega örorku gagnáfrýjanda vegna slyssins 20%. Í mati sínu komst Jónas Hallgrímsson að sömu niðurstöðu og Atli Þór um af-

leiðingar slyssins á vinstra hné gagnáfrýjanda. Jónas taldi jafnframt, að byrjandi slitigt í hægra hné stafaði frá slysinu, og mat læknisfræðilega örorku gagnáfrýjanda vegna þessa 10% til viðbótar. Um þetta hafði sagt í mati Atla Þórs: „Óþægindi eru frá hægri hnélið, sem koma fram sem bólga í liðpoka og slímhimnu hægri hnéliðar. Auk þess eru eymsli yfir liðglufum báðum megin. Þetta bendir til ertingar í hnélið, hugsanlega einnig ertingar í liðfleti, þ. e. liðbrjóski. Það kann að vera hugsanlegt, að þessi erting eigi að hluta rætur að rekja til mikillar notkunar á hægri hnélið, þar sem Haraldur hlífir fremur þeim vinstri. Skiptar skoðanir eru um það, hvort þessi sjónarmið valdi hækkun örorku. Í þessu mati eru óþægindi í hægri hnélið ekki tekin inn í fyrrnefnda örorku.“

Hafi gagnáfrýjandi ekki viljað una mati Atla Þórs, sem hann lagði til grundvallar kröfum sínum í héraði, hefði hann átt að afla nýs álits og leggja það fyrir héraðsdóm til úrlausnar. Aðaláfrýjendur hafa mótmælt því, að nýjar kröfur gagnáfrýjanda, reistar á mati Jónasar Hallgrímssonar, fái komist að fyrir Hæstarétti. Verður ekki talið, að gagnáfrýjandi geti fyrir Hæstarétti byggt kröfur sínar á svo ólíkum grunni og hér um ræðir, án þess að héraðsdómur hafi áður um þær fjallað. Engu breytir í þessu sambandi, að kröfugerðin rúmast innan höfuðstóls upphaflegrar kröfugerðar gagnáfrýjanda í héraði. Ber að vísa aðal- og varakröfu gagnáfrýjanda frá Hæstarétti.

III.

Í héraðsdómi er hliðsjón höfð af örorkumati Atla Þórs Ólasonar læknis, sem áður er á minnst, en hann mat tímabundna læknisfræðilega örorku gagnáfrýjanda 100% í 15 mánuði og síðan 50% í 9 mánuði. Varanlega læknisfræðilega örorku mat hann 20%. Aðaláfrýjendur hafa ekki hnekk þessari úrlausn dómsins, og verður á hana fallist. Gagnáfrýjandi slasaðist við vinnu sína sem greiðabílstjóri, en hann hafði um nokkurn tíma stundað þá atvinnu. Verður því tekið mið af tekjum hans í því starfi. Hins vegar má á það fallast, að tekið verði nokkurt tillit til starfsréttinda hans sem iðnaðarmanns, og er þá litið til þess, að vinnumarkaður hérlandis er nokkuð sveigjanlegur. Með þessi sjónarmið í huga þykir mega fallast á umfjöllun héraðsdóms um útreikning örorkutjóns gagnáfrýjanda og niðurstöðu hans um 1.000.000 króna tímabundið tjón. Bætur fyrir vinnutekjutap

vegna varanlegrar örorku og vegna missis lífeyrisréttinda þykja hæfilega ákveðnar 2.200.000 krónur, þegar litið hefur verið til bóta frá Tryggingastofnun ríkisins, 846.323 króna, ásamt hagræði af eingreiðslu og skattfrelsi bóta fyrir vinnutekjutap. Miskabætur vegna slyssins ákvarðast 300.000 krónur.

Samkvæmt þessu nemur bótaskyld tjón gagnáfrýjanda samtals 3.500.000 krónum, og ber aðaláfrýjendum óskipt að greiða þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og þeir eru ákveðnir í héraðsdómi.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og nánar er ákveðið í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Aðal- og varakröfum gagnáfrýjanda, Haralds Bjarnasonar, fyrir Hæstarétti er vísað frá dómi.

Aðaláfrýjendur, Gunnar Þór Guðmannsson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði gagnáfrýjanda 3.500.000 krónur með 3% ársvöxtum frá 4. janúar 1992 til 1. febrúar sama ár, 2,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 2% ársvöxtum frá þeim degi til 21. mars sama ár, 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí sama ár, 1% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst 1993, 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. nóvember sama ár, 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 18. október 1995 og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, sem rennur í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun lögmanns hans, Ingvars Sveinbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, 300.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. júlí 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. júní sl., var höfðað með stefnu, birtri 22. nóvember 1995.

Stefnandi er Haraldur Bjarnason, kt. 270549-3149, Birtingakvísl 22, Reykjavík. Stefndu eru Gunnar Þór Guðmannsson, kt. 150256-3649, Bröndukvísl 3, Reykjavík, og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík.

Stefnandi krefst greiðslu á 14.075.070 kr. með 3% ársvöxtum frá 4. janúar 1992 til 1. febrúar s. á., 2,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. febrúar s. á., 2% ársvöxtum frá þeim degi til 21. mars s. á., 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s. á., 1% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst 1993, 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. nóvember s. á., 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 18. október 1995 og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Til frádráttar komi 846.323 kr., sem stefnandi fékk greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins. Stefnandi krefst málskostnaðar að mati dómsins, svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál, auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun, en stefnanda var veitt gjafsókn í máli þessu með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 9. febrúar 1995.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar, sök skipt og málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir.

Stefnandi er greiðabílstjóri að atvinnu. 4. janúar 1992 var hann kvaddur að Bröndukvísl 3 til að aðstoða við að gangsetja bifreiðina R-10777, sem er eign stefnda Gunnars og tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda Sjóvá-Almenum tryggingum hf. Ýtti stefnandi bifreiðinni í gang. Er bifreiðinni hafði verið ýtt stuttan spöl, hrökk hún í gang og kipptist áfram um leið. Við þetta féll stefnandi fram fyrir sig og rak vinstra hné harkalega í götuna.

Við höggið skemmdist liðbrjósk í hnénu, og kveður stefnandi það hafa leitt til langvarandi óþæginda. Aðgerðir hafi verið gerðar á hnénu í mars 1992 og apríl 1993, en þær hafi ekki borið árangur.

Læknarnir Júlíus Valsson og dr. med. Atli Þór Ólason hafa skoðað stefnanda og metið varanlega örorku hans vegna slyss þessa. Jafnframt hefur Atli Þór Ólason lýst álitinu sínu um fjárhagslega örorku hans.

Örorkumat Júlíusar Valssonar liggur ekki frammi í málinu, en hann mat örorku 9. maí og 29. september 1993. Efnið er að hluta tekið upp í örorkumat Atla Þórs Ólasonar, sem dagsett er 12. maí 1995. Þar segir m. a. frá

heimsóknnum stefnanda til annarra lækna, og eru tekin upp að hluta vottorð þeirra. Úr vottorði Ríkarðs Sigfússonar, dags. 1. febrúar 1993, kemur m. a.: „ . . . leitaði til Árna Geirssonar gigtarlæknis, sem tappaði þrívægis vökva af vinstra hné og sprautaði með bólgueyðandi lyfjum.

Áfram verkir og grunur var um áverka á liðþófa. Röntgenmynd hafði verið tekin á Læknasetrinu í Mjódd, og höfðu ekki sést áverkamerki á þeim myndum.

Sjúklingur er síðan kallaður inn á Landspítalann 4. 3. 1992 til aðgerðar. Aðgerðin fór fram 6. 3. 1992. Í aðgerð sést, að sjúklingur er með stóran brjóskskaða, ca. 2–3 cm í þvermál, á miðjum medial femur condylum, þ. e. a. s. á innanverðum lærleggenda. Nær þessi skaði niður í bein. . . . Ekki er gert neitt frekar að sinni og sjúklingur sendur aftur til Árna Geirssonar í Arteparon-meðferð, en sú meðferð á að auka gróanda í brjóski.“

Úr örorkumati Júlíusar Valssonar, dags. 9. maí 1993, er þetta tekið upp m. a.:

„Læknisskoðun.

Vægur þroti er í vinstra hnélið og þykkun á liðhimnum undir hnéskel, aðallega að innanverðu. Smávægilegt los er fram og aftur og hliðlægt í liðnum, en hreyfiferill er óskertur. Engin vöðvarýrnun til staðar, og að öðru leyti er skoðun eðlileg.“

Niðurstaða þessa mats var sú, að tímabundin örorka væri alger í 15 mánuði og varanleg örorka 15%. Júlíus Valsson skoðaði stefnanda að nýju um haustið og mat þá varanlega örorku 20%.

Í niðurstöðum Atla Þórs Ólasonar segir:

„ . . . Telja verður líklegast, að þær slitbreytingar, sem þegar eru komnar fram í vinstri hnélið, muni líklegast aukast nokkuð hratt með tímanum. Gera verður ráð fyrir því, að miklar slitbreytingar komi fram í vinstri hnélið mun fyrr en annars hefði verið, ef slysið hefði ekki gerst. Þá er líklegt, að setja þurfi gervilið í hnéð. Því er talið eðlilegt að miða örorkumatið við, að síðar á ævinni muni Haraldur þurfa á gerviliðaraðgerð að halda. Miða við þessar forsendur þykir eðlilegt að meta varanlega örorku 20%.“

Um tímabundna örorku segir svo í örorkumati Atla Þórs Ólasonar læknis:

„Við mat á tímabundinni örorku er talið eðlilegt að miða við meðferð og lok hennar. Haraldur gekkst undir aðgerð á vinstri hnélið í mars 1992 og apríl 1993, var síðan í sjúkrahjálfun til desember 1993. Því þykir sanngjarnt að meta tímabundna óvinnufærni í 15 mánuði, eins og fram kemur í örorkumati Júlíusar Valssonar, en í 9 mánuði 50%.“

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi reisir kröfu sína á hendur stefndu á 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Stefndi Gunnar Þór Guðmannsson var skráður eigandi bifreiðarinnar R-10777, og hún var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefndu Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Stefnandi kveðst hafa dottið vegna skyndilegrar hreyfingar bifreiðarinnar áfram, og því sé slysið ótvírætt afleiðing notkunar bifreiðarinnar í skilningi áðurgreinds ákvæðis umferðarlaga. Telur hann, að hreyfing sé ein-kennandi fyrir notkun bifreiða, og því vafalaust, að slys sitt hafi orðið vegna notkunar bifreiðarinnar.

Til vara byggir stefnandi á því, að meta verði stefnda Gunnari það til sakar, að bifreiðin kipptist áfram. Við aðstæður, sem þarna voru, beri ökumanni sérstök skylda til varúðar vegna hættunnar á, að bifreiðin kippist áfram, og að sá, sem ýtir, eigi erfitt með að varast þá hættu.

Stefnukröfur sundurliðar stefnandi svo:

Örorkutjón skv. útreikningi	kr.	4.779.300
–20% vegna skattfrelsis o. fl.	–	(955.860)
		<hr/>
	kr.	3.823.440
Töpuð lífeyrisréttindi	–	286.800
Miskabætur	–	500.000
Tímabundið atvinnutjón	–	2.390.400
Útlagður kostnaður	–	74.430
		<hr/>
	kr.	7.075.070
Álag vegna verðbólguþróunar, breytinga á vaxtafæti til útreiknings örorkutjóns og hækkunar á örorku	–	7.000.000
		<hr/>
	Samtals kr.	14.075.070

Kröfugerðin byggist á útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar trygginga-stærðfræðings. Leggur hann til grundvallar niðurstöður mats Atla Þórs Ólasonar á tímabundinni og varanlegri örorku stefnanda og reiknar tekjutap til frambúðar í samræmi við það og meðaltekjur iðnaðarmanna. Reiknast höfuðstólsverðmætið miðað við 4,5% vexti vera svo sem fram kemur í ofangreindum kröfuliðum um varanlega örorku, tímabundið tekjutap og töpuð lífeyrisréttindi.

Miskabætur telur stefnandi sist of háar í kröfugerð sinni. Vísar hann til þess, að óþægindi sín séu stöðug og vaxandi. Hafi hann orðið að leggja ýmis tólmundastörf alveg á hilluna og ekki enn fundið sér starfsvettvang við hæfi.

Síðasta lið kröfugerðar sinnar segir stefnandi settan fram vegna hugsanlegrar verðbólguþróunar undir rekstri málsins eða nýs útreiknings vegna breytingar á vaxtafæti, fjármagnstekjuskatts eða hækkunar örorku sinnar.

Málsástæður og rökstuðningur stefndu.

Stefndu mótmæla því, að slys stefnanda verði rakið til notkunar bifreiðarinnar R-10777, heldur verði það rakið til starfa stefnanda sem greiðabílstjóra.

Þá halda stefndu því fram, að stefnandi hafi sjálfur sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, og beri því að sýkna þá skv. reglu 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Stefnanda hafi hlotið að vera ljóst, að þegar bifreiðin færi í gang, myndi hún fara áfram. Hafi hann orðið að vera viðbúinn því. Leggja stefndu áherslu á, að stefnandi sé greiðabílstjóri og hafi atvinnu af því að koma bifreiðum í gang.

Stefndu benda á, að þegar bifreiðin fór í gang, hafi í raun ekkert gerst, sem ekki hafi átt að gerast. Þegar bifreið sé ýtt í gang, taki hún snögg viðbragð, og við því verði þeir að búast, sem að verkinu standi.

Stefndu krefjast aðallega sýknu, en til vara, að sök verði skipt og meginhluti lagður á stefnanda. Þá mótmæla þeir allri ábyrgð á grundvelli almennu skadabótareglunnar.

Stefndu mótmæla tjónsútreikningi stefnanda. Þar sé ekki farið eftir skattframtölum stefnanda, heldur miðað við meðaltekjur iðnaðarmanna. Sérstaklega mótmæla þeir því, að tímabundin örorka verði reiknuð með þessari viðmiðun, og telja raunverulegt tjón ósannað. Jafnframt mótmæla þeir tímalengd hinnar tímabundnu örorku, en Atli Þór Ólason hafi metið tíma- bundna örorku í 24 mánuði.

Loks telja stefndu, að í stefnukröfum sé gert ráð fyrir allt of lágum frádrætti vegna eingreiðslu og skatthaggræðis og miskabótakrafa sé svo há, að hún sé fjarri lagi.

Niðurstaða.

Stefnandi ýtti bifreiðinni R-10777 af stað, og er hún hrökk í gang, kipptist hún snögg áfram með þeim afleiðingum, að hann féll við og hlaut áverka. Hreyfing bifreiðarinnar, sem kölluð var fram af vélarafli hennar, leiddi því til slyssins. Atvik þetta fellur innan gildissviðs 88. gr. umferðarlaga, og ber að leggja bótaábyrgð á stefndu vegna tjóns þess, er stefnandi hlaut.

Stefnandi starfaði sem greiðabílstjóri og mátti vita svo sem allir, er nálægt bifreiðum hafa komið, að er bifreiðin færi í gang, tæki hún nokkurn kipp. Allajafna er þó ekki samfara því veruleg hætta, og verður ekki talið sannað eða augljóst af atvikum, að stefnandi hafi staðið óvarlega að verki.

Verður ekki fallist á kröfu stefndu um, að sök verði skipt eða þeir sýknaðir, vegna þess að eigin sök stefnanda sé yfirgnæfandi.

Stefnandi reisir kröfur sínar um bætur vegna varanlegrar og tímabundinnar örorku á útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, miðuðum við meðaltekjur iðnaðarmanna. Stefnandi er lærður járn- og plötuketilsmiður og mun hafa starfað við þá iðn til ársins 1984. Eftir það vann stefnandi ýmis störf til miðs árs 1989, er hann hóf störf á eigin sendibíl. Hann var við það starf, er hann varð fyrir slysinu 4. janúar 1992.

Samkvæmt skjölum málsins var tímabundin örorka stefnanda metin 100% í 15 mánuði og 50% í 9 mánuði. Vegna hinnar tímabundnu örorku krefst stefnandi bóta, að fjárhæð 2.390.400 kr. Þegar litið er til tekna stefnanda síðustu þrjú ár fyrir slys, þ. e. 1.215.848 kr. árið 1989, 300.000 kr. árið 1990 og 175.052 kr. árið 1991, verður gegn andmælum stefndu fjárhæð þessi ekki lögð til grundvallar við mat á tjóni stefnanda. Eftir atvikum þykir mega áætla tjón stefnanda vegna tímabundinnar örorku 1.000.000 kr.

Vegna varanlegrar örorku krefst stefnandi bóta, að fjárhæð 4.779.300 kr. Við mat á tjóni stefnanda vegna varanlegrar örorku þykir mega hafa nokkra hliðsjón af fram lögðum útreikningi, og er þá haft í huga, að stefnandi er lærður iðnaðarmaður.

Samkvæmt dómvenju er rétt, að bætur til stefnanda vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku sæti frádrætti vegna hagræðis við eingreiðslu bóta og skattfrelsis þeirra. Þá á stefnandi rétt til bóta vegna tapaðra lífeyrisréttinda.

Með hliðsjón af þessum forsendum þykir óbætt tjón stefnanda vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku og vegna tapaðra lífeyrisréttinda hæfilega metið 3.800.000 kr.

Þegar litið er til afleiðinga slyss stefnda og dómvenju um miskabætur, þykja miskabætur stefnanda til handa hæfilega metnar 400.000 kr.

Útlagður kostnaður stefnanda, 74.430 kr., sem studdur er fram lögðum gögnum, verður tekinn til greina sem hluti málskostnaðar.

Niðurstaða málsins verður samkvæmt framansögðu, að stefndu verða dæmdir til þess að greiða stefnanda 3.553.677 kr. (4.400.000 kr. ÷ 846.323 kr.) með vöxtum, eins og segir í dómsorði.

Stefndu greiði málskostnað, 624.430 kr., þar með talinn útlagðan kostnað, 74.430 kr., í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 624.430 kr., þar með talin þóknun lögmanns stefnanda, Ingvars Sveinbjörnssonar hrl., 550.000 kr., greiðist úr ríkissjóði. Við ákvörðun lögmannsþóknunar var litið til virðisaukaskatts-skyldu þóknunarinnar.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Gunnar Þór Guðmannsson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, Haraldí Bjarnasyni, 3.553.677 kr. með 3% ársvöxtum frá 4. janúar 1992 til 1. febrúar s. á., 2,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. febrúar s. á., 2% ársvöxtum frá þeim degi til 21. mars s. á., 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s. á., 1% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst 1993, 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. nóvember s. á., 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 18. október 1995 og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði 624.430 kr. í málskostnað til ríkissjóðs.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun Ingvars Sveinbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, 550.000 kr.
